



Bæjarráð Kópavogsbæjar
Digranesvegi 1
200 Kópavogur

Kópavogi, 1. júlí 2024
24041935/505.01 ÁH

Vatnsendahvarf lagnir og jarðvinna

Tilboð í ofanefnt verk voru opnuð þann 12.6.2024. 9 aðilar sendu inn tilboð áður en skilafrestur rann út sbr. töflu hér að neðan.

Verkið innifelur í sér lagnir og jarðvinnu undir gatnagerð fyrir nýtt hverfi í Vatnsenda með þeim hætti að uppbygging húsa og mannvirkja geti hafist. Verkið innifelur ekki í sér lokafrágang s.s. malbikun, gangstéttir, opin svæði, hellulagnir, stíga, bekki, blómabeð og s.fv. Innkaupadeild Kópavogsbæjar annaðist útboðið og umsýslu þess. Niðurstöður útboðs eru settar fram í eftirfarandi töflu:

Bjóðandi	Tilboðsupphæð skv. tilboðsbók	Hlutfall af kostnaðaráætlun	Leiðrétt tilboðsupphæð	Hlutfall af kostnaðaráætlun	Mismunur
Jarðval	1 118 762 650 kr	57.3%	1 114 972 650 kr	57.1%	3 790 000 kr
Bjössí ehf	1 143 400 000 kr	58.6%	1 140 700 000 kr	58.4%	2 700 000 kr
Grafa og grjót	1 255 987 261 kr	64.3%	1 253 487 261 kr	64.2%	2 500 000 kr
Öskatak	1 449 000 000 kr	74.2%	1 445 550 000 kr	74.0%	3 450 000 kr
Háfell	1 492 113 450 kr	76.4%	1 488 913 450 kr	76.3%	3 200 000 kr
Loftorka	1 566 000 000 kr	80.2%	1 562 455 000 kr	80.0%	3 545 000 kr
Stjómugarðar	1 767 537 700 kr	90.5%	1 761 237 700 kr	90.2%	6 300 000 kr
Istak	1 822 315 162 kr	93.3%	1 818 409 162 kr	93.1%	3 906 000 kr
Borgarverk ehf	2 199 231 320 kr	112.6%	2 194 691 320 kr	112.4%	4 540 000 kr
Kostnaðaráætlun	1 952 646 240 kr	100.0%	1 952 646 240 kr	100.0%	0 kr

Yfirferð tilboða leiddi í ljós að lægstbjóðandi Jarðval sf uppfyllir allar lágmarkskröfur útboðs og tilboð Jarðvals sf er 57,1% af kostnaðaráætlun og var því leitað rökstuðnings til þess aðila. Rökstuðningur bjóðanda fjallaði m.a. um að einingarverð hans byggðu á rauntölum úr nýlegum verkum hans, verkefnastöðu og gæði tækja og aðstöðu. Innkaupadeild og framkvæmdadeild í samráði við lögfræðideild telja rökstuðning Jarðvals sf fullnægjandi og leggja til við bæjarráð að samþykkja tilboð Jarðvals sf að upphæð 1.114.972.650 kr. og framkvæmdadeild verði veitt heimild til að ganga til samninga þess efnis.

Með vísan málaflokk/deild 32594 - verkefni 2644 í fjárhagsáætlun Kópavogsbæjar 2024

Virðingarfyllst,

Ármann Halldórsson
Deildarstjóri framkvæmdadeildar

